



**FUNDARGERÐ**  
**13. fundur Húsakynna bs**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , fimmtudaginn 30. október 2025**  
**og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Þórunn Dís Þórunnardóttir, Þröstur Sigurðsson, Helga Björg Helgadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson, Klara Viðarsdóttir og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Tómas Haukur Tómasson, .

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit jan-sept 2025- Húsakynni bs - 2510270**

*Lagt fram rekstraryfirlit Húsakynna jan-sept 2025*

Rekstraryfirlit Húsakynna jan-sept 2025 lagt fram og kynnt.

**2. Fjárhagsáætlun Húsakynna 2026 - 2510271**

*Lögð fram fjárhagsáætlun Húsakynna fyrir árið 2026.*

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði um það bil 51,1 mkr sem mætt er með framlögum sveitarfélaganna og leigutekjum.

Gert er ráð fyrir að fjárfesting verði 100 mkr með framlagi Ásahrepps sem fjármagnar hlut Rangárfings ytra í þessari fjárfestingu.

Stjórn Húsakynna leggur til að hönnunarvinna verði hafin sem fyrst.

Samþykkt samhljóða.

**3. Erindi frá Leikskólanum Laugalandi - 2510272**

*Lagt fram erindi frá Leikskólanum Laugalandi, ósk um að Leikskólinn fái úthlutað afgirtu landi Mýrarkots sem afmælisgjöf í tilefni 30 ára afmæli Leikskólans.*

Stjórn Húsakynna fagnar erindi Leikskólans á Laugalandi.

Stjórnin samþykkir innsenda ósk og leggur til að kostnaður verði fjármagnaður með fjárfestingaráætlun ársins 2026.

Samþykkt samhljóða.

*THT* *DDP* *AKH* *PS* *LD*  
24

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.

  
Þórunn Dís Þórunnardóttir

  
Þróstur Sigurðsson

  
Helga Björg Helgadóttir





Tómas H. Tómasson